

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1994

10. nóvember 1994

361

Nr. 122

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málslíðir, sem verða 3. og 4. málsl., svohljóðandi: Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, 32.–38. gr., ásamt 4. tölul. 50. gr., er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, 2.–6. gr., 9.–13. gr. og 27.–34. gr., er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Þessi ákvæði lyfjalaga og laga um lyfjadreifingu falla úr gildi 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölul. ákvæða til bráða-birgða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.